

Greinargerð

Almennt

Deiliskipulagssvæðið er um 28 ha að stærð, þar af er heildarurðunarsvæðið 9,6 ha og er gert ráð fyrir allt að 500 tonnum af almennum úrgangi frá eiga til urðunar.

Forsendur

Landið er í um 20 m hæð yfir sjó á sléttum gróðurvana melum. Hér var áður flugvöllur en notkun hans var hætt fyrir 30 árum þegar nýr völlur var tekin í notkun nær Kópaskeri.

Urðunarstaðurinn hefur þegar verið nýttur fyrir almennan úrgang í 10 ár og fyrir sláturuergang í 14 ára. Fyrirhugað er að urða 250 tonn af sláturuergangi og 250 tonn af öðrum almennum úrgangi miðað við fullnýtingu á starfsleyfi.

Endanleg lokun og frágangur svæðisins verður unnið samkvæmt áætlun og fyrirætlum Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmdum

Urðunarstaðurinn skiptist í tvö svæði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að vinna þau jafnhliða, eftir aðstaðum hverju sinni. Svæði 1 er rúmlega 4,6 ha og svæði 2 er tæpir 5,0 ha.

Urðun fer fram á þann hátt að reinar eru grafnar, allt að 4 m á dýpt og uppgröftur settur meðfram reinum til síðari notkunar. Reinin er síðan nærri fyllt með almennum úrgangi og uppgræftrinum mokað yfir þannig að yfirflag sé a.m.k 1 m á þykkt.

Umhverfisskýrsla

Inngangur

Deiliskipulag urðunarstaðarinnar við Snartarstaði norðan Kópaskers lýsir áætlun um áframhaldandi rekstur fyrir móttöku og förgun á almennum úrgangi, með það að markmiði að endurnýja starfsleyfi.

Staðhættir á urðunarsvæði:

Melrakkasléttan er láglend og flöt, nema austan og vestan megin þar sem lágr móbergshryggir og stök móbergsgjöll teygja slg frá fjallendinu og óbyggðunum á Óxarfjarðarheiði og þar sunnan við.

Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Norðurlþings 2010-2030 sem undirritað var af umhverfisráðherra þann 22. desember 2010.

Aðrir kostir

Nokkur hundruð kílómetrar eru til næstu urðunarstaða sem þjónustað geta svæðið og flutningur úrgangs þangað því dýr og mengandi.

Umhverfismat

Þar sem áætlað er að urða minna en 500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstaðnum er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, víðauka 1 en er tilkynningaskyld skv. töluhlöð 11.b, 12. víðauka laganna.

Þjónustusvæði urðunarstaðarinnar flokkast sem afskekkt byggð, sbr. skilgreiningu reglugerðar um urðun nr. 738/2003. Í henni segir að það sé sú byggð þar sem íbúar eru ekki fleiri en 500, íbúar á hvern ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á ferkílómetra er ekki undir 50 km.

Áhrif á grunnvatn:

Vestan urðunarstaðinn er þekkt sprungukerfi í berggrunninum og liggur það eftir endilangri vestrútrönd Melrakkasléttu. Berggrunnurinn er ungur og lekur. Við jarðfræðiluttekkt kom í ljós að á urðunarsvæði eru 5-10 m þykk laus jarðlög ofan á berggrunninum og hluti þeirra er þéttur jökulróðningur með lága lékt og góða slun.

Nýrst á svæðinu er staðsett tímabundið móttöku- og geymslusvæði fyrir brotajárn. Geymslusvæði verður rekið út rekstrartíma urðunarstaðarinnar, fyrir söfnun á brotamálum og umhliðsu í flutningagáma.

Brotramálmar sem tekið er við skulu fyrir móttöku hafa verið hreinsaðir af hættulegum efnum og spilliefnum s.s. rafgeymum, rafhlöðum, frostlegi, olíum, olluslum, ollusmituðum úrgangi, kælivökum, kvikasilfursmælum og rofum, asbesti o.fl. efnum í þessum flokkum sem hugsanlega gætu leitt til mengunar á umhverfi geymslusvæðis.

Íbúabyggð

Fjarlægð frá urðunarstaði að næsta íbúðarhúsi er um 1880 m. Það eru íbúðarhúsin að Snartarstöðum II og að Kilfurgötu 14, Kópaskeri.

Vegir

Um 130 m eru frá svæðinu að þjóðveg nr. 85, Norðausturvegi, og er aðkoma að svæðinu frá honum.

Byggingarreitir

Byggingarreitur A er 70x55 m eða 3850 m². Gert er ráð fyrir möguleika á byggingu 50 m² þjónustuhúss og vélagæmslu allt að 300 m². Byggingarreitur B er 81x105 m eða 8590 m². Þessi byggingarreitur tilheyrir skotæfingasvæðinu og gert er ráð fyrir að hér risi áfengarskýli (3-4 stk).

Skotæfingasvæði

Vestarlega á svæðinu er skotæfingasvæði. Heimilt er að reisa tvo æfingavelli fyrir hagla- byssuskotfimi skv. viðrúðendum reglum Skotljóttasambands Íslands. Við staðsetningu vallanna þarf að gæta að 100 m bryggissvæði í skotstefnu.

staðalæk og taka jafn til nýs svæðis og þess sem nú er urðað í. Einnig verða settir upp þrjú grunnvatnsbrunnar umhverfis urðunarsvæðið fari Umhverfisstofnun fram á það, til að mæja grunnvatnshæð og taka sýni. Þá verður sérstaklega gætt að því að á urðunarstaðinn berist ekki úrgangur sem inniheldur spilliefni eða annan úrgang með hættulegum efnum s.s. olíum eða þungamálum.

Áhrif á gróður og dýralíf:

Svæðið umhverfis urðunarstaðinn er að mestu ógrónnir mjar og klappir og hefur verið unnið að uppgræðslu á svæðinu vegna upplástrus. Dýralíf í næsta nágranni urðunarstaðarinnar hefur ekki verið kannað sérstaklega en það er talið fábreytt. Talið er að urðunarstaðinn hafi óveruleg áhrif á gróður og dýralíf.

Áhrif á fornleifar:

EKKI er vitað um neinar fornleifar á urðunarsvæðinu enda hefur svæðið sem urðað verður á verið raskað. Verði vart við hugsanlegar fornminjar við gröft á urðunarreinum verður verk stöðvað og Minjastofnun Íslands strax tilkynnt um þær.

Áhrif á samfélag:

Urðunarstaðurinn mun hafa talsvert jákvæð áhrif á samfélagið þar sem hann mun skapa nokkra vinnu fyrir sveitina og jafnframt koma í veg fyrir neikvæð áhrif flutninga úrgangs til fjarlægra móttökustaða.

Áhrif á landslag og ásynd lands:

Efni sem grafið er út fyrir urðunarreinum er notað aftur í hulu yfir úrgang og því dreift jafnt yfir svæðið svo hækkun lands verði einungis um 1-2 metrar. Landslag eða ásynd breytist því óverulega. Breyting sem verður á landinu, sérstaklega á rekstrartíma, verður þó sýnileg af þjóðvegnum sem liggur aðeins 100-200 metra vestan við svæðið.

Eftir lokun urðunarreina verður gengið frá þeim með landmótun, þannig að svæðið falli sem best að umhverfinu. Svæðið verður svo ræktað upp með plöntum sem hæfa gróðri í nágranni urðunarstaðarinnar. Fok úrgangs frá urðun getur orðið vandamál sé ekki rétt að verki staðið. Komlið verður í veg fyrir það með stöðvum rekstrar í sterkum vindi, gírdingum og reglubundnum þrifum svæða.

Áhrif á loft:

Lykt er oft af hluta þess lífræna úrgangs sem fer inn á urðunarstaðinn. Sérstaklega verður gætt að því að slíkur úrgangur sé ekki urðaður þegar vindátt stendur á byggð. Metangasmyndun ætti að verða fremur lítil á urðunarstaðnum þar sem þykkt úrgangs í reinum er lítil og aðgengi súrefnis inn í reinar nokkuð mikið gegnum gljúp sand- eða malarefni.

Samantekt og niðurstaða

Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonn á ári af almennum úrgangi á urðunarstaðnum og því er deiliskipulag nú lagt fram vegna endurnýjunar á starfsleyfi. Að öðrum kosti þurfi að flytja úrganginn um langan veg til annars förgunarstaðar. Sveitarfélagið mun áfram stuðla að bættri og aukinni flokkun úrgangs, endurvinnslu og minni urðun.


Heimildir

Halldór G. Pétursson, Jarðfræðikönnun vegna sörpurðunar við Kópasker, Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997. Benedikt Björgvinsson, Urðun sorps í gamla flugvöllinum við Kópasker - Mat á umhverfisáhrifum, janúar 1998.



Hnitaskrá

Table with columns for coordinates (Nr., X, Y) for different site areas: Hnit fyrir lóðarmörk, Hnit fyrir aðkomuveg, and Hnit fyrir byggingarreitum.



Úr aðalskipulagi Norðurlþings 2010-2030. Urðunarstaður er merktur S1 og skotæfingasvæði er merkt O12.

SKÝRINGAR legend containing symbols for LÓÐARMÖRK/GIRÐING, BYGGINGARREITIR, MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS, AÐKOMUVEGUR, URÐUNARSVÆÐI, ELÐRA FRÁGENDI URÐUNARSVÆÐI, ÖRYGGISSVÆÐI SKOTSVÆÐIS, and SKOTSVÆÐI LEIÐBEINANDI STAÐSETNING.

Samþykktir section with a title, a line for the date, and a signature of Sigrún Elva Ágústsdóttir (undirskrift).

Urðunarstaður Kópaskeri Sorpsamlag Þingeyinga Deiliskipulag. Includes EFLA logo, contact info (Sími: 412 8000), and a table with MÆLIKVÆÐI (1:5000), BLAÐSTÆRD (A2), and TEIKNINUMER (4478-004DSK).